



Kópavogsskóli

## Námsmat í þágu nemenda

Verkefni styrkt af Sprotasjóði 2013

Verkefnisstjóri:

Guðmundur Ásmundsson

Númer: **UMS-032**

## **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Markmið verkefnisins var að kynna kennurum Kópavogsskóla þær áherslur sem fram koma í Aðalnámskrá grunnskóla og endurskoða allt námsmat í skólanum í framhaldi af því. Einnig að skapa faglega umræðu um námsmat og mikilvægi þess fyrir nemendur og foreldra ekki síður en skólann sjálfan. Til að það gengi eftir skipti verulegu máli að innlögn til kennara yrði mjög vel undirbúin og fagleg. Í þeim tilgangi fóru fjórir kennarar skólans á námskeið um námsmat skólaárið 2012-2013 og þeim ætlað að verða leiðandi í umræðu og innleiðingu á endurskoðuðu námsmati hjá samkennurum sínum. Endurskoðun á námsmati var tekin upp í skólanum í framhaldi af námskeiðinu og gert var ráð fyrir að því yrði að fullu lokið í maí 2014 og það gekk eftir.

## **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum**

Fjórir kennarar skólans fóru á námskeið um námsmat skólaárið 2012-2013. Það námskeið var í umsjón Ragnheiðar Hermannsdóttur deildarstjóra grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogs en hún kallaði til ýmsa sérfræðinga sem einnig komu að námskeiðinu. Kennararnir fjórir funduðu með samkennurum sínum og stýrðu vinnu við undirbúning og skipulag á endurskoðun námsmatsins. Ragnheiður Hermannsdóttir skipulagði síðan, ásamt skólastjórnendum Kópavogsskóla, vinnu skólaársins 2013-2014. Fyrsti hluti þess var námskeið og hópavinna í ágúst 2014 en þar var öllum kennurum skólans skipt í hópa sem síðan unnu að endurskoðun námsmatsins á skólaárinu. Allir hóparnir skiluðu af sér niðurstöðum í mars og apríl 2014. Þessu tengt var nemendum einnig gert kleift, með aðstoð foreldra sinna, að meta frammistöðu sína í námi (frammistöðumat) og það boríð saman við mat kennarans og rætt á foreldrafundum.

## **Frávik miða við áætlun verkefnisins**

Engin sérstök frávik komu fram og áætlanir stóðust þó tímasetningar undirþátta hafi hnikast örlítið til.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Hindranir voru smávægilegar og voru helstar þær að fresta þurfti einstökum fundum vegna veikinda leiðbeinenda og kennara. Það hafði þó engin áhrif á framvindu verksins þegar upp var staðið.

## **Helsti ávningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefninu**

Mikill ávningur var af verkefninu. Almenn ánægja var meðal nemenda, foreldra og kennara með frammistöðumatið og allir aðilar sammála um að upplýsingarnar sem það gaf væru mun ítarlegri en hefðbundnar einkunnir og breyttu á jákvæðan hátt umræðu um námsframmistöðu nemenda. Vinna kennaranna fólst að stórum hluta í að lesa og kynna sér nýjar námsgreinanámskrár og vinna upp þau atriði sem meta á í hverri námsgrein. Um leið og búið var að kortleggja hvað á að meta var ákveðið með hvaða hætti viðkomandi þættir yrðu metnir. Almenn umræða um námsmat varð því mjög mikil og jákvæð og skilaði sér í markvissari vinnu við prófagerð og einkunnagjöf. Það kom skýrt fram við vinnuna að verulegu máli skiptir að kennara séu vel meðvitaðir um þau markmið sem aðalnámskrá tilgreinir fyrir námsgreinarnar. Þau markmið hafa breyst frá eldri námskrám og mikilvægt að vera vakandi fyrir því.

## **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Það er ljóst að verkefnið mun hafa áhrif á skólastarf Kópavogsskóla á næstu árum. Það er búið að kortleggja öll markmið hverrar námsgreinar og ákveða hvaða þætti á að meta og hvernig á að meta þá. Kennrar allra námsgreina eru búnir að skoða námskránna frá grunni og vinna úr henni. Allar námsáætlanir eiga nú að vera markvissari en áður og námsmatið í fullu samræmi við námsmarkmið hverrar námsgreinar. Ánægja var með verkefnið meðal kennara en verkefnið var tímafrekt og gerði kröfur til allra sem að því komu. Það á einnig við um þá sérfræðinga sem komu að verkefninu með einhverjum hætti en þunginn af vinnunni var hjá hópstjórunum sem leiddu verkefnið áfram og skipulögðu vinnuna.

## **Niðurstöður verkefnisins**

Í heild voru niðurstöður verkefnisins í samræmi við væntingarnar sem lagt var upp með. Sú fræðsla um námsmat sem sérfræðingarnir komu með til kennarahópsins var mikilvægur þáttur í endurmenntun kennara. Upprifjun á námsmati, markmiðum þess og mikilvægi fyrir nám nemenda skiptir verulegu máli fyrir allt skólastarf og eðlilega þróun þess. Þau markmið sem lagt var upp með náðust því endurskoðun á námsmarkmiðum og námsmati var að fullu lokið vorið 2014. Á því verður byggt í öllum námsgreinum á næstu árum í Kópavogsskóla. Í heildina tók tvö skólaár að vinna verkefnið með þeim hætti sem lagt var upp með. Skólaárið 2012-2013 var mikil undirbúningsvinna unnin og lögð drög að öllu hópastarfi og skólaárið 2013-2014 var starf hópanna í fyrirrúmi. Óhætt er að segja að endurskoðun sem þessi þarf góðan undirbúning og mikið samstarf ef vel á að ganga. Það gekk eftir og ánægja með niðurstöðuna.

## **Áætlanir um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Niðurstöður verkefnisins verða kynntar foreldrum nemenda skólans og birtar á heimasíðu Kópavogsskóla. Þar verða námsmarkmið hverrar námsgreinar skilgreind og námsmatið einnig.

### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Verulegu máli skipti í verkefni þessu að fá utanaðkomandi sérfræðinga til að ræða um námsmat og mikilvægi þess við kennarahópinn. Aukin þekking á námsmati almennt og ýmsum gerðum þess er mikilvæg fyrir innra starf skólans og nauðsynlegt er að sérfræðingar um námsmat komi að skipulaginu svo afrakstur vinnunnar verði sem árangursríkastur.



Guðmundur Ásmundsson